

Fiskeldi Austfjarða hf. (áður Laxar ehf.)
Strandgötu 18
735 Eskifirði

Egilsstaðir, 22.10.2024
UST202402-110/F.Æ.
08.12.02

Efni: Reglubundið eftirlit þann 3. september 2024 - Fiskeldi Austfjarða, Fáskrúðsfirði, ID 182

Þann 3. september sl. fór fram reglubundið eftirlit í fiskeldisstöð Fiskeldis Austfjarða, Fáskrúðsfirði. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Tvær ábendingar voru settar fram í eftirlitinu er varða:

1. Vöktunaráætlun hefur ekki verið uppfærð
2. Bæta þarf merkingar á tanki fyrir maurasýru í pramma á Höfðahúsabót

Tvö frávik komu fram er varða:

1. Gr. 1.2 í starfsleyfi. Ákvæði um hvíldartíma á Höfðahúsabót var ekki virt árið 2024. Slátrun á svæðinu lauk í febrúar 2024 og fiskur var settur í kvíar á svæðinu í lok maí sama ár, en krafa er um að svæðið sé hvílt í níu til tólf mánuði.
2. Gr. 1.2 í starfsleyfi. Ákvæði um hvíldartíma á Fögrueyri var ekki virt árið 2024. Slátrun á svæðinu lauk í mars 2024 og fiskur var settur í kvíar á svæðinu í júlí sama ár, en krafa er um að svæðið sé hvílt í níu til tólf mánuði.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 12. nóvember 2024.

Virðingarfyllst

Freyr Ævarsson
sérfræðingur

Sigríður Kristinsdóttir
teymisstjóri